

Dagskrá kvæðamannafélagsins Iðunnar haustið 2014

Í haust 2014 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
1. október	3. október
5. nóvember	7. nóvember
3. desember	5. desember

Allir fundir og kvæðalagaæfingar félagsins hefjast stundvíslega kl 20:00 og lýkur kl. 22:30. Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Áminning til Iðunnarfélaga

Þeir Iðunnarfélagar, sem eru nettengdir en hafa ekki sent okkur netföng sín, eru beðnir að gera það sem allra fyrst á netfangið idunn@rimur.is Því fleiri félagar sem eru nettengdir, þeim mun minni er vinnan fyrir okkur.

Stjórnin

Fyrripartar ætlaðir Iðunnarfélögum til að fást við í haustferðinni:

Kraftmikinn skal kveða brag
kitla ráma barka.

Einhver rífur í sig fisk
angar lifleg rúta.

Blágræn aldan bólgin rís
brimið kalda freyðir.

Míga oft í saltan sjó
Suðurnesjamenn.

Hollust þykir hjartans list
að hafa mikið gaman.

Höfundur fyrripartanna er Höskuldur Búi Jónsson.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

119. tölublað – 35. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

September 2014
Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Haustferð Iðunnar 2014

Laugardaginn 6. september næstkomandi ætla félagar Kvæðamannafélagsins Iðunnar í sína árlegu haustferð. Lagt verður af stað með rútu frá BSÍ klukkan 9:30.

Komið verður við í Kapelluhrauni og Barbörurvæði sungið, en svo verður kíkt í Poppminjasafnið í Keflavík. Hádegismatur verður snæddur á Bryggjunni í Grindavík, en þar verður meðal annars boðið upp á súpu með brauði og kaffi.

Sigrún Franklín mun hitta hópinn eftir hádegi og ganga með honum að Selatöngum. Kveðnar verða rímur af Suðurnesjum þegar tækifæri gefst. Komið verður við í Krýsuvík en þar verður boðið upp á kaffi og pönnukökur, auk þess munu staðarhaldarar sýna okkur staðinn og síðan ekið áleiðis í Strandarkirkju.

Við munum einnig heimsækja Guðjón Kristinsson myndlistarmann og tréskurðameistara, en hann býr rétt hjá Selfossi og endum loks dagskránnu á veitingastaðnum Hafinu Bláa, við Selfoss, en þar verður í boði humarsúpa í forrétt, lambafille í aðalrétt og heit eplakaka með rjóma í eftirrétt.

Samtals mun allt þetta kosta eingöngu 7550 kr.

Hafið með hlífðarföt og skó við hæfi, ritblý fyrir vísur og ferðaskap gott.

Við hvetjum alla til að skrá sig annað hvort hjá Báru Grímsdóttur (baragr@visir.is /sími 694-2644) eða hjá Höskuldi Búa (hoskibui@gmail.com /sími 892-2958) sem allra fyrst, enda verður þetta stórkostleg skemmtun eins og venjulega.

Brot úr Golfrímu eftir Einar Thoroddsen.

Mansöngur.

Mörg er sagan mæðuleg,
margt er laga skyldi.
Sjálfr er bagan tungutreg.
Tæpt er bragargildi.

Menjagrund um úlnið er
einatt bundið glingur.
Þunga lundin léttast fer.
Lukkan undir syngur.

Með skalt fara falleg ljóð,
flytja skara meyja.
Heyrast þar hin fögru fljóð
fussa bara og sveia.

Brostið verður bros um kinn.
Brátt þú ferð að veina.
Samt þú herðir huga þinn
og höfði berð við steina.

Þá mér lízt að ganga um golf.
Geð er víst í klessu,
enda snýst mér allt á hvolf.
Ekkert hlýzt af þessu.

Ríma.

1) Drengur góður ávallt er.
Engir ljóðir stríða.
Gengur hljóður, sækir sér
sæmdar hróður víða.

Sýna taugar sálarbeyg
Svitinn laugar enni.
Kúlan flaug af fyrsta teig.
Fylgdu augum henni.

Hátt þau rýndu, högg var gott.
Hart hún sýndist fara.
Karl fram þíndi kjánaglott.
Kúlan týndist bara.

Önnur sköffuð óðar var.
Of var töff að leita,
Því að röffið reyndist þar
rotið stöff og bleyta.

Hann sér ekur í þann mund
ásinn tekur lagið.
Það þó veki von um stund
vantar þrek í slagið.

Varla banginn, upp þar allt
er að ganga. Skrýtið,
að svo langan veg hann valt
við að stanga lítið.

Bærst von í brjósti þá,
boltann oní setur.
Léttist svona líka brá.
Líður honum betur.

2) Einn er fýr í góðum gir.
Gleðin býr í sinni.
Auðna stýrir, óttinn flýr.
Augum skýr er þinni.

Upp hann stökk við aðra braut.
Aðeins skökk, var matið.
Kúlan hrökk er kólfur skaut.
Á kaf hún sökk í gatið.

3) Augun hvessir út af teig.
Ekkert stress í fari.
Furðu hress á flöt hann steig.
Fór hann þessa á pari.

4) Mörg þau slög er missti hann
miklar sögur rekja.
Holu fjögur fylgja kann
frekar mögur tekja.

Vindur blæs og burt er ró.
Bitran æsir trega
er hann slæsar út í mó
eigi glæsilega.

Högg með brestum bylur enn.
Boltinn festir hugi.
Allra flestir ætla menn:
“Enn hann sést á flugi”.

Ef hann þeytist eins og þar
út um sveit, er vandi.
Enginn veit hver endir var
á því leitarstandi.

5) Þar er fjórir fimmtu á,
freyðir sjór á klöppum.
Bolti fór á botninn þá,
blotna skór á löppum.

Andlit bleiknar, ergir sig.
Ásýnd teikna grillur.
Hann sér reiknar refsistig,
reiður feikn og illur.

Fótur soðinn sokkum í,
sólu roðið trýnið.
Allt er troðið eins og strý
afar loðið grínið.

Hitinn stælir lúinn lið.
Ljúf er sælublíða.
Kylfan gælir kúlu við.
Kúlan þvælist víða.

Byrjar sárna leiðin löng.
Lykjast brárnar saman.
Kyrjar járníð sama söng.
Sýnist kárna gaman.

Brúnir markast, viljinn vex,
verður harkalegur.
Þristinn, fjarkann, fimm og sex
fram í slarkið dregur.

Beður rauk er barð´ann þar.
Boltinn fauk um völlu.
Þarna lauk með þrefalt þar
þessu bauki öllu.

